

Erindi sem mig langar að nefndin fjalli um

Til : Bjarki Valberg
Frá : Indriði Stefánsson <indridistefans@gmail.com>
CC : Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Heiti : Erindi sem mig langar að nefndin fjalli um
Málsnúmer : 1906217
Málsaðili : Kópavogsbær
Skráð dags : 05.06.2019 12:48:04
Höfundur : Indriði Stefánsson <indridistefans@gmail.com>

Sæll

Mig langar til að Kópavogur taki forystu í málum hvað varðar hjólreiðastíga. Það fæli í sér að settar yrðu upp leiðbeinandi merkingar um hraða þannig að hjólreiðamenn hafi hraðaviðmið á stígum innan Kópavogsbæjar og að farið verði í átak þess efnis að stemma stigu við ólöglegum faratækjum á hjólreiðastígum. Líkt og skellinöðrum án númera, rafhjólum sem búið er að breyta þannig að þau fari langt yfir 25 og öðrum ólöglegum faratækjum. Helst væri að fá lögreglu til að vera með eftirlit og mætti vel ímynda sér að með átaki í til þess að gera stuttann tíma mætti fækka mjög þeim sem nýta ólögleg farartæki til að fara um stígana sem skapa hættu. Í kjölfarið væri svo hægt að reyna að fá önnur sveitarfélög í samstarf um að gera sambærilega átök innan sinna hjólastíga.

Að lokum mætti síðan boða til málstofu um þessi mál þar sem hægt væri að auka umræður um vistvænar samgöngur og þá möguleika sem eru í boði til þeirra á hjólastígum bæjarins.

kv.
Indriði